

FÉLA2BH02

Búið til: Tue, 30 Sep 2025 09:06:44 GMT

Titill

Borgaraleg réttindi og hatursorðræða

Skammstöfun

FÉLA2BH02

Útgáfunúmer

59

Námsgrein

félagsfræði

Viðfangsefni

Borgaraleg réttindi og hatursorðræða

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

2

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í þessum áfanga kynnst nemendur hugmyndum um borgaraleg réttindi, jafnrétti og mannréttindi, og hvernig þau birtast í íslensku samfélagi. Kveikjan að áfanganum eru þættirnir Hatur frá RÚV, þar sem fjallað er um uppgang hatursorðræðu og bakslag í réttindabaráttu minnihlutahópa á Íslandi. Nemendur skoða hvernig samfélagsmiðlar hafa áhrif á umræðuna, hvernig hatursorðræða myndast og hvaða leiðir eru til að bregðast við henni. Áhersla er lögð á virka þátttöku nemenda, gagnrýna umræðu og skapandi vinnu. Nemendur vinna í hópum, búa til forvarnarefni, hanna plaköt og samfélagsmiðlaefni með hjálp Canva og Book Creator og æfa sig í að tjá sig á ábyrgan og uppbyggilegan hátt. Áfanginn tengist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega markmiðum um frið, réttlæti og sterkar stofnanir, jafnrétti kynjanna og minnkun ójöfnuðar.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu hugtökum sem tengjast borgarlegum réttindum, jafnrétti og mannréttindum.
- Hvað hatursorðræða er og hvaða áhrif hún getur haft á einstaklinga og samfélag.
- Helstu minnihlutahópum á Íslandi og sögulegri og samfélagslegri stöðu þeirra.
- Hlutverki fjölmiðla og samfélagsmiðla í mótun skoðana og viðhorfa.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Greina og rýna í efni á samfélagsmiðlum og meta trúverðugleika þess.
- Taka þátt í umræðum á gagnrýnninn og uppbyggilegan hátt.
- Hanna og miðla fræðslu- eða forvarnarefni um jafnrétti og mannréttindi á skapandi hátt.
- Vinna í hópi að skipulagningu og framkvæmd verkefna sem tengjast þemanu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Lýsa mikilvægi borgaralegra réttinda og tengja þau eigin lífi og samfélagi.
- Greina birtingarmyndir hatursorðræðu og leggja til lausnir eða úrræði til að sporna gegn henni.

- Nýta þekkingu og leikni úr áfanganum til að fræða aðra og stuðla að jákvæðri umræðu á samfélagsmiðlum.
- Taka ábyrgð á eigin framlagi í hópavinnu og sýna virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum.

Námsmat

Skólar

Fyrirmynd